Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kristján Erlendsson

Bjarni Benediktsson – Kristján Erlendsson trésmiður – Helgi Tómasson læknir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Kristján Erlendsson
TRÉSMIÐUR

PÓSTHÓLF 843
Reykjavík 2/5 1936
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10

Heiðraði Kunningi!

Mig hefði langað til að við þig, en af því að jeg bjóst við að þú sjert svo önnum kafinn, við þín margvíslegu störf, datt mjer í hug að skrifa þjer nokkrar línur. Svoleiðis er mál með vexti, (eins og jeg hefi minst á við þig áður), að jeg er töluvert veikur fyrir hjartanu. Jeg var orðinn mjög góður í haust, en svo versnaði mjer aftur, af þeirri ástæðu, að jeg varð að vinna svo erfiða vinnu, eins og oftast vill verða við húsasmíðar. Jeg fór til Helga Tómassonar læknis, og sagði hann að þetta væri alvarlegt, og þyrfti læknir að fylgjast með því, hann ljet mig hafa meðul, og sagði að jeg mætti ekki reyna mikið á mig. Það er eins og jeg sagði honum, þá er ómögulegt að komast hjá því við svona vinnu. Annars aldrei þessu vant, þá hef jeg vísa árs vinnu framundan, við smíðar, en það er ekki nóg þegar heilsan leyfir það ekki. Kom mjer því til hugar, að biðja þig að gjöra svo vel, og reyna að útvega mjer eitthvað ljettara starf en þetta. Þú hefur svo mikil ráð, að jeg vona að þjer detti eitthvað í hug það fyrsta, sem gæti bjargað mjer. Með trausti til hins besta í þessu efni, kveð jeg þig með vinsemd og virðingu

Kristján Erlendsson
Skólavörðustíg 10

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur